

149. löggjafarþing 2018–2019 Þingskjal 86 — 86. mál. Umsögn um tillögu til þingsályktunar um þjóðaratkvæðagreiðslu um framtíð Reykjavíkurflugvallar.

Aðfararorð

Sú tillaga til þingsályktunar sem um ræðir er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að efnt skuli til þjóðaratkvæðagreiðslu um hvort flugvöllur og miðstöð innanlands- og sjúkraflugs skuli áfram vera í Vatnsmýrinni í Reykjavík. Eftirfarandi spurning verði borin upp í þjóðaratkvæðagreiðslunni:

„Vilt þú að flugvöllur og miðstöð innanlands-, kennslu- og sjúkraflugs verði áfram í Vatnsmýrinni í Reykjavík uns annar jafngóður eða betri kostur er tilbúinn til notkunar?

. Já.

. Nei.““

Um ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslur

Eins og fram kemur í greinargerð með tillögunni yrði um ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu að ræða samkvæmt lögum nr. 91 frá árinu 2010. Beint lýðræði og þjóðaratkvæðagreiðslur hafa verið mjög til umræðu á umliðnum árum. Gera verður greinarmun á þjóðaratkvæðagreiðslum samkvæmt 26. gr. og ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslum á borð við þá sem hér er lög til. Í fyrrnefnda tilvikinu fer atkvæðagreiðslan fram að frumkvæði forseta lýðveldisins og eru þá valkostirnir ávalt skýrir. Annað hvort halda þau lög sem um ræðir gildi sínu eða eru felld úr gildi. Atkvæðagreiðslan er endanlegt vald í málinu.

Í síðara tilvikinu fer fram atkvæðagreiðslan að frumkvæði Alþingis um málefni sem Alþingi ákveður að leita álits almennings á. Alþingi mótar því spurninguna (eða spurningarnar) og svarmöguleikana.

Þó að slík atkvæðagreiðsla sé lögum samkvæmt ávalt ráðgefandi er mikilvægt að hafa í huga að þær eru annað og meira en venjuleg skoðanakönnun. Almennin verður að geta treyst því að ef efnt er til slíkrar atkvæðagreiðslu sé til staðar vilji af hálfu þingsins að fara eftir niðurstöðunni, hver sem hún kann að verða. Alþingi ætti því að spyrja sig að því hvort að sá vilji sé raunverulega fyrir hendi í þessu tilfelli áður en þessi tillaga er samþykkt. Annað grefur undan trú kjósenda á þjóðaratkvæðagreiðslum, þinginu og lýðræðinu. Ef ætlun þingsins er að fara eftir niðurstöðum atkvæðagreiðslunnar, en ekki fyrst og fremst að kanna afstöðu fólks getur fólks, sem vel má gera með stórrí skoðanakönnun, er mikilvægt að vandað sé til undirbúnings og umræðu í aðdraganda kosningarinnar, þannig að forðast megi álíka vandræði og orðið hafa í sambandi við hina ráðgefandi BREXIT-atkvæðagreiðslu.

Um orðalag spurningarinnar

Alda leggst eindregið gegn því að þessi tillaga verði samþykkt óbreytt. Orðalag spurningarinnar er ómarkvisst og óskýrt og auk þess virðist það ekki í samræmi við yfirlýst markmið flutningsmanna, sem lesa má úr greinargerðinni með tillögunni, að flugvöllurinn verði til framtíðar í Vatnsmýrinni og eru þar taldar til ýmsar ástæður fyrir því að það sé vænlegast og ljóst að margir eru á þeirri skoðun.

Þjóðaratkvæðagreiðslur eiga að snúast um skýra og skiljanlega valkosti. Orðalag spurningarinnar sem hér er lög til er „Vilt þú að flugvöllur og miðstöð innanlands-, kennslu-

og sjúkraflugs verði áfram í Vatnsmýrinni í Reykjavík uns annar jafngóður eða betri kostur er tilbúinn til notkunar“

Þetta er ekki sérlega skýrt. Hvað er átt við með „uns annar eða betri kostur er tilbúinn“

(1) Það blasir við að flugvöllurinn getur ekkert farið úr Vatnsmýrinni fyrr en annar kostur er tilbúinn til notkunar, hver svo sem sá kostur kann að vera. (2) Hver metur það hvort einhver kostur sem er tilbúin til notkunar er jafngóður eða betri en Reykjavíkurflygvollur í Vatnsmýri (3) og hvaða þætti á að taka með í því mati og hvernig ætti það mat að fara fram?

Ef halda á þjóðaratkvæðagreiðslu um framtíð flugvallarins er eðlilegast að gengið sé hreint til verks og ekki sé neinn vafi á ferð varðandi það hvað verið sé að kjósa um og kjósendur verði þá einfaldlega spurðir hvort að þeir vilji að Reykjavíkurflygvollur verði áfram í Vatnsmýrinni eða ekki og sú atkvæðagreiðsla fari fram að undangenginni vandaðri umræðu.

Séu ekki forsendur til þess að bera slíka spurningu telur Alda ekki rétt að efna til þjóðaratkvæðagreiðslu um framtíð flugvallarins.

Borgaraþing, rökræðukannanir og framtíð flugvallarins

Það er greinilega afstaða flutningsmanna að „[Ö]ll skynsamleg rök hnígi í þá átt að halda flugvellið og miðstöð innanlandsflugs í Vatnsmýrinni.“ Sú afstaða er þvert á þá fyrirliggjandi stefnumörkun í aðalskipulagi Reykjavíkurborgar að flugvöllurinn víki í áföngum eftir árið 2022, sem á sér langan aðdraganda. Í þessari umsögn er ekki tekin afstaða til þess hvort flugvöllurinn skuli vera eða fara. Það kann að vera að góð rök og töluverður stuðningur sé fyrir því að endurskoða þær áætlanir. Því er í sjálfu sér ekkert athugavert við að taka þá umræðu.

Hinsvegar leggur Alda þunga áherslu á að ef ætlunin þingmanna er að grípa inn í þessa áætlun sé gert eftir vandaða almenna umræðu því hér er um er um mjög stórt hagsmunamál margra aðila að ræða auk þess að skipulagsvaldið í þessu tilfalli er hjá Reykjavíkurborg. Þetta er flókið og umdeilt mál og sú umræða þyrfti því að nást upp úr hjólförum klofnings milli höfuðborgar og landsbyggðar þar sem hægt væri að ræða málið á breiðum grunni með tilliti til margra þátta.

Borgaraþing og rökræðukannanir þar sem slembivaldir kjósendur af öllu landinu kæmu saman til þess að vege og meta rökin í málinu eru aðgerðir sem hafa gefist vel í slíkum málum víða um lönd. Niðurstöður slíkar umræðu gætu orðið góður grunnur til þess að dýpka umræðuna um hvort endurskoða eigi áætlanir um Reykjavíkurflygvoll.

Niðurlag

Alda leggst eindregið gegn því að að þessi þingsályktunartillaga sé samþykkt óbreytt. Ef halda á þjóðaratkvæðagreiðslu um framtíð flugvallarins er eðlilegast að gengið sé hreint til verks og kjósendur verði spurðir hvort að þeir vilji að Reykjavíkurflygvollur verði áfram í Vatnsmýrinni eða ekki. Slík atkvæðagreiðsla ætti ekki að fara að undangenginni vandaðri umræðu og leggur Alda til að efnt verið til borgaraþings slembivalinna kjósenda af öllu landinu sem myndi ræða framtíð flugvallarins, sem hluta af undirbúningnum fyrir slíka atkvæðagreiðslu.

Umsögn þessi er unnin af Sævari Ara Finnbogasyni, stjórnarmanni í Öldu, félagi um sjálfbærni og lýðræði.

Fulltrúar Öldu eru tilbúnir til þess að hitta nefndina og ræða einstaka þætti þessarar umsagnar sé þess óskað